



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2015
Tilvísun: 201502-0001 / IS/

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (munaðarlaus verk) – 334. mál

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (munaðarlaus verk). Frumvarpið er hluti af breytingum á höfundalögum sem lagðar hafa verið fram á Alþingi og mikilvægt er að það verði samþykkt.


Starfsmenn Lbs-Hbs hafa reynt að fylgjast með þróun mála í Evrópu varðandi munaðarlaus verk síðustu árin. Tilgangurinn með lagasetningunni er m.a. að auðvelda stafvæðingu menningarlegra verðmæta, sem er jákvætt, og tryggja að höfundar og réttthafar njóti ávinnings af vinnu sinni.

Umfang munaðarlausra íslenskra verka er óþekkt, en er líklega afar mismunandi eftir efnistegundum. Ljóst er að ýmsar flækjur geta fylgt því að leita að rétthöfum og því er mikilvægt að fólk með sérþekkingu og þjálfun í að leita í upplýsingakerfum og gangasöfnum sinni þessu verkefni. Þá þarf einnig að halda skrá um munaðarlaus verk á einum stað, þannig að ekki sé verið að margleita að höfundi eða rétthafa einstakra verka, auk þess að tilkynna niðurstöður í sameiginlegan gagnagrunn í Evrópu.

Í c. lið 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd og skráningu um hina ítarlegu leit og notkun munaðarlausra verka og um þær heimildir sem skuli kanna sbr. viðauka í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/28/ESB. Hvatt er til þess að kortlagt verði vel hvað samþykkt frumvarpsins hefur í för með sér og að undirbúningur verði vandaður af hálfu ráðuneytisins. Bent er á að ekki skuli vanmeta þann tíma og fyrirhöfn sem slíkar leitir hafa í för með sér.

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, en vakin athygli á að lykilhugtök hljóðrit og myndrit eru ekki gengsæ. Í hvorugu tilfellinu er er átt við „rit“. Réttara og einfaldara væri að nota orðin ritverk (verk í rituðu máli), hljóðverk (allar hljóðupptökur) og myndverk (hreyfimyndir, kvikmyndir, tölvuleikir og glærusýningar).

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

ARNGRÍMSGÖTU 3 · 107 REYKJAVÍK · SÍMI: 525 5600 · BRÉFASÍMI: 525 5615

NETFANG: upplvs@landsbokasafn.is VEFFANG: www.landsbokasafn.is